

Íslenska fyrir okkur hin

Kennsluleiðbeiningar

Eftirtaldar hugmyndir liggja að baki ritun bókarinnar:

- Orðaforði – orðaforði – orðaforði
- Nýr orðaforði er í mörgum/flestum tilvikum kynntur með mynd þar sem ekki er alltaf hægt að nota „millimál“ (e. interlanguage) til þess að þýða fyrir nemendur.
- Fá eiginleg málfræðihugtök koma fyrir og við höfum forðast að nota orð eins og „nafnorð“, „sagnorð“ o.s.frv. Nemendur með stutta skólagöngu að baki gefast gjarnan upp þegar slík hugtök eru nefnd. Kennarar geta bætt slíkum hugtökum við ef þeir telja að hópurinn ráði við það.
- Lítið sem ekkert er um eyðufyllingar og hvatt til þess að nota stílabók. Málið með eyðufyllingar er að þá finnst manni sem kennara „að það þurfi að fara yfir þær – og leiðréttu eyðurnar“. Í mörgum tilvikum vinnur slíkt gegn máltöku. T.d. viljum við ekki þurfa að leiðrétta nemanda sem getur kannski sagt: ég blátt buxur og bleikt peysa. Bara það að nemandinn geti valið rétta litinn og heitið á réttu flíkinni er frábært eftir stuttan tíma. Það kemur svo síðar að hugsa um kyn og endingar.
- Víða er ekkert eitt rétt svar heldur koma fleiri til greina. Slíkt má nýta til umræðu í bekknum.
- Nota má bókina:
 - o sjálfstætt til þess að læra orðforða
 - o með öðru kennsluefni sem notað er víða, eins og t.d. „Íslenska fyrir alla“
 - o við kennslu þar sem nemendur kunna ýmislegt – þeir geta haft gagn af því að fara hraðar yfir svona bók til þess að fylla upp í glufur í kunnáttu sinni

Við hvetjum nemendur eindregið til að nota stílabók og skrá nýjan orðaforða með þýðingu yfir á þeirra móðurmál.

Til gamans hafa kaflarnir fengið nöfn sem eru fengin að láni úr íslenskum popplögum. Hér er búið að safna þeim saman á einn stað:

<https://open.spotify.com/playlist/6MCWvEI58WHd7umBDl6kc5?si=39ea2ca0e0394a93>

Kafli 1. Komdu sæll og blessaður

Í þessum kafla er farið yfir hvernig fólk heilsast og kveður á íslensku auk þess sem tölur frá 1–13 eru kynntar, auk orðaforða um skólastofu og orðaforða yfir nánustu fjölskyldu. Sagnirnar að vera og heita eru kynntar til sögunnar og einnig persónufornöfn eins og ég/þú/hann/hún.

Gott er að byrja tíma á að stafa 2–3 orð frá fyrri tíma og biðja nemendur að skrifa í stílabók til upprifjunar. Þetta er upplagt að gera í upphafi hvers tíma.

Bls. 7. Gott er að fá sjálfboðaliða til að lesa upp textana og ræða aðeins um framburð. Það gildir um alla texta bókarinnar. Á þessari blaðsíðu mætti aðeins minnst á að í íslensku er notast við fallbeygingu án þess að kenna hana endilega, útskýra t.d. Kópavogur vs. Kópavogi með dæmum. Aftur er hægt að minnst á það þegar kemur að kaflanum um skólastigin á bls. 10 (leikskóli/leikskóla).

Bls. 10. Göngutúr: Látið nemendur finna einhver sex atriði á síðunni, fjögur af einhverju öðru, t.d. 6 tré, 2 stráka, 5 bíla o.s.frv. Þetta má líka gera með annan orðaforða í bókinni, s.s. húsbúnað og föt.

Upplestur úr bls. 7–10. Látið nemendur skrifa í stílabók. Hér þarf kennari að meta hvort nemendahópurinn megri fletta í bókinni á meðan lesið er eða ekki.

Hæ, Bashir. Hvað segir þú gott? Ég segi allt gott, en þú? Líka allt fínt. Kemur þú á eftir? Já, auðvitað.

Bls. 10–12. Tölur: Gott er að æfa nemendur í að lesa upp tölur og láta þá skrifa þær niður. Við hvetjum ykkur til að endurtaka það í hverjum tíma í einhverja daga. Ef einhverjir nemendur treysta sér til má láta þá lesa tölur fyrir bekkinn, annaðhvort sem þeir sjálfir hafa valið eða kennari aðstoðað þá við.

Bls. 11. Setja inn vídeó: Hér má láta nemendur senda kennara vídeó í tölvupósti, t.d. í gegnum INNU, eða styðjast t.d. við Padlet ef nemendur eru sáttnir við að aðrir sjái vídeóin þeirra.

Bls. 12: Minnismiðar. Hér getur verið skemmtilegt að útvega sér post-it-miða í mismunandi litum, skipta nemendum í hóp og láta þá keppa um hvaða hópur getur merkt fleiri hluti í skólastofunni með réttu orði. Gjarnan má leyfa miðunum að hanga uppi í einhvern tíma á eftir.

Gott er að lesa upp nokkur af orðunum á blaðsíðu 12 og láta nemendur skrifa þau niður. Ef fyrri upplesturinn hefur gengið illa má leyfa nemendum að hafa bókina þegar lesið er, en annars hafa hana lokaða.

Sé og á. Hægt er að spyrja nemendur einn og einn. Átt þú ... (systur, bróður, síma, bíl, hús o.s.frv.) og láta þau svara já, ég á / nei, ég á ekki. Eða: Sérð þú ... (töflu, tölvu, tösku, bíl o.s.frv.). Einnig má láta nemendur spyrja kennara út úr á sama hátt.

Bls. 10: Gott er að kynna nemendur aðeins fyrir kynjum án þess endilega að nota málfræðiheitin. Hér má vísa aftur á bls. 6 þar sem farið er yfir gamall vs. gömul.

Upplestur á bls. 12:

Pabbi minn heitir Jón. Mamma mín heitir Lára. Systir mín heitir Anna.

Bls. 16: Myndirnar til hægri eru lítið próf. Hvetjið nemendur til að finna myndirnar á fyrri blaðsíðum og skrifa rétt orð við. Þegar kemur að myndböndum sem nemendur senda til kennara finnst okkur skipta máli að ekki sé ofleiðrétt. Allt í lagi að gera litlar athugasemdir við framburð en frekar að reyna að finna

leiðir til að hrósa en gagnrýna. Sumum finnst gaman ef myndböndin eru sýnd í tíma en aðrir vilja það alls ekki. Kennari þarf að meta slíkt hverju sinni. Aftasta síða hvers kafla er með þessu sniði.

Hér er kahoot úr fyrsta kafla: <https://create.kahoot.it/share/kafli-1/e83896b0-ec5d-4e67-bcdb-a05980de870e>

Ítarefni

Speed dating / hraðkynni

Klippið eftirfarandi spjöld út – plastið þau gjarnan og endurnýtið.

Kynnið verkefnið og hvetjið nemendur til að bæta a.m.k. einni spurningu við þær sem eru á spjaldinu.

Nemendur stilla sér upp í tvær raðir andspænis hver öðrum.

Kallið á 30 sekúndna fresti: „Skipta!“ Þá færir önnur röðin sig um einn en hin standur kyrr. Þannig ættu allir að ná að tala við alla.

1. Hvað heitir þú? 2. Hvað ert þú gamall? / Hvað ert þú gömul? 3. Hvaðan ert þú? 4. Hvar býrðu núna? 5. _____?	1. Hvað heitir þú? 2. Hvað ert þú gamall? / Hvað ert þú gömul? 3. Hvaðan ert þú? 4. Hvar býrðu núna? 5. _____?	1. Hvað heitir þú? 2. Hvað ert þú gamall? / Hvað ert þú gömul? 3. Hvaðan ert þú? 4. Hvar býrðu núna? 5. _____?
1. Hvað heitir þú? 2. Hvað ert þú gamall? / Hvað ert þú gömul? 3. Hvaðan ert þú? 4. Hvar býrðu núna? 5. _____?	1. Hvað heitir þú? 2. Hvað ert þú gamall? / Hvað ert þú gömul? 3. Hvaðan ert þú? 4. Hvar býrðu núna? 5. _____?	1. Hvað heitir þú? 2. Hvað ert þú gamall? / Hvað ert þú gömul? 3. Hvaðan ert þú? 4. Hvar býrðu núna? 5. _____?
1. Hvað heitir þú? 2. Hvað ert þú gamall? / Hvað ert þú gömul? 3. Hvaðan ert þú? 4. Hvar býrðu núna? 5. _____?	1. Hvað heitir þú? 2. Hvað ert þú gamall? / Hvað ert þú gömul? 3. Hvaðan ert þú? 4. Hvar býrðu núna? 5. _____?	1. Hvað heitir þú? 2. Hvað ert þú gamall? / Hvað ert þú gömul? 3. Hvaðan ert þú? 4. Hvar býrðu núna? 5. _____?

Kafli 2. Manstu ekki eftir mér?

Í þessum kafla eru nokkrar persónur kynntar og talað um áhugamál út frá frasanum „Mér finnst gaman að ...“. Nokkur spurnarforöfn eru kynnt til sögunnar sem og daga- og mánaðaheiti. Drepið er á nokkur gælunöfn og líka nokkrar borgir og að endingu er rætt stuttlega um forseta og konunga/drottningar. Tölur frá 14–20.

Bls. 17. Hér er upplagt að láta nemendur búa til fleiri setningar með hvað, hvaðan og hvar.

Bls. 18. Hvað er ekki satt. Gott ef kennari gefur dæmi fyrst. Síðan má skipta nemendum í hópa.

Bls. 19. Dagar. Hér gæti verið sniðugt að kynna nemendur fyrir hugtökunum í gær, á morgun, á undan og á eftir og spyrja út í bekkinn: „Hvaða dagur er í dag/gær/á morgun?“. Líka: „Hvaða dagur kemur á undan þriðjudegi?“, „... á eftir laugardegi“ o.s.frv. Það er góð hugmynd að byrja næstu tíma á að rifja þetta upp.

Bls. 20. Sonur / Dóttir. Hér má kynna fyrir nemendum að á Íslandi geti fólk einnig heitið eftir mæðrum sínum.

Upplestur úr bls. 17–20:

Oliver býr í Reykjavík. Honum finnst gaman að spila á trommur. Jón er kennari. Jóni finnst gaman að hlusta á tónlist. Eftir þriðjudag kemur miðvikudagur. Jón er kallaður Nonni.

Bls. 22. Hér þarf aðeins að kynna áttirnar, útskýra a.m.k. orðið „norðurhluti“.

Reykjavík. Hér mætti biðja nemendur að rétta upp hönd þegar bærinn/borgin þeirra er nefndur/nefnd (þ.e. ef við erum stödd á höfuðborgarsvæðinu).

Bls. 23. Spyrjið nemanda í bekknum. Ef nemendur treysta sér til mætti biðja þá að kynna viðmælanda sinn. Segja „hann/hún kemur frá ... / Bærinn hans/hennar heitir ... o.s.frv. Þá er gott að kennarinn sé búinn að skrifa á töflu hvernig setningarnar hefjast.

Upplestur úr bls. 21–23:

Afi og amma búa í Reykjavík. Pabbi kallar á Öldu. Á Akureyri er háskóli.

Bls. 24. Spyrjið nemanda í bekknum. Sjá á bls. 23. Textinn um forseta er frekar erfiður og allt í lagi að fara hratt yfir hann. Þegar textinn var prufukeyrður sýndu nemendur hins vegar mikinn áhuga og vildu vita meira. Við vörpuðum því wikipediasíðu um Guðna Th. upp (https://is.wikipedia.org/wiki/Gu%C3%B0ni_Th._J%C3%B3hannesson) og bjuggum til spurningar eins og: Hvað heitir bróðir, systir, pabbi, mamma. Hvað gerir systir, bróðir. Í framhaldi af því spurðum við nemendur hvað systkini þeirra hétu og hversu gömul þau væru.

Bls. 25. Upplagt að fá nemendur til að mynda heilar setningar með „mér finnst skemmtilegt/leiðinlegt“ og flytja fyrir hópinn. Jafnvel að bæta hlutum við listann sem eru skemmtilegir / leiðinlegir í sameiningu?. Hér má líka skjóta inn erfitt / auðvelt ef hópurn er móttækilegur fyrir því.

Tölur. Þegar búið er að fara yfir tölur upp í tuttugu má kynna plús og mínus. Gjarnan má rifja tölurnar upp í tímum öðru hverju og bæta svo við Hvað er 7+8? Hvað er 14-6? og svo framvegis.

Hér er kahoot úr öðrum kafla: <https://create.kahoot.it/share/kafli-2/67fc1d1c-5a49-4ffb-aa0e-94e1a5f46f96>

Ítarefni

Áhugamál. Prentið út lista og hver nemandi fær blað. Allir standa upp og þurfa að ganga um stofuna og finna einhvern sem finnst t.d. gaman að hlaupa. Sá nemandi skrifar nafnið sitt í þann reit. Hver nemandi má bara skrifa nafnið sitt í einn reit á hverju blaði. Markmiðið er að fá sem flest nöfn á blaðið sitt.

Hlaupa	Tala í símann	Synda
Prjóna	Lesi	Hanga með vinum
Hanga á netinu	Fara í búðir	Hlusta á tónlist
Fara í ræktina	Spila	Horfa á bíómynd

Hlaupa	Tala í símann	Synda
Prjóna	Lesi	Hanga með vinum
Hanga á netinu	Fara í búðir	Hlusta á tónlist
Fara í ræktina	Spila	Horfa á bíómynd

Kafli 3. Ég er eins og ég er!

Í þessum kafla er farið yfir heiti nokkurra líkamshluta og persónulýsingar. Sam fer til læknis og við lærum heiti á nokkrum flíkum og litum.

Bls. 27. Hér má vel vera að nemendur vilji læra heiti á fleiri líkamshlutum. Það má gjarnan hvetja þau til að spyrja og skrifa sjálf inn á myndina. Eftir þessa blaðsíðu er upplagt að taka 5 mínútur í næstu tímum á eftir og rifja þetta upp með því að benda á eigin líkamshluta og biðja nemendur að nefna hann. Eða nefna líkamshluta og biðja nemendur að benda á hann á sjálfum sér.

Einnig er upplagt að nota orðaforðann um líkamann í upplestur og láta nemendur skrifa, gjarnan sem upprifjun í tímunum á eftir.

Það er til nokkuð af Kahoot-leikjum um líkamann. Til dæmis þessi: <https://create.kahoot.it/share/kafli-3-likaminn/99d54178-4d00-47a8-b824-caa663f75271>

Bls. 28. Hér má kynna hægri og vinstri, líka þegar rætt er um hendur og fætur. Gott er að gera það með 5 mínútna æfingunni á bls. 27.

Bls. 29. Hér mætti hugsa sér að ræða aðeins um eintölu og fleirtölu, til dæmis út frá orðunum auga/augu og fleiri orðum um líkamann. Við mælum ekki sérstaklega með að fara djúpt í það né heldur þau lýsingarorð sem eru á undan, s.s. dökkur, dökk, dökkt, dökka.

Það gæti verið gott að nota spjallæfinguna neðst á blaðsíðunni þannig að þegar nemendur væru búnir að spyrja hver annan þá kynntu þeir sessunautinn fyrir bekknum. Honum/henni finnst skemmtilegt ... o.s.frv.

Upplestur úr bls. 29–30:

Pabbi er með krullað hár. Mamma er með slétt hár. Systir mín er með brún augu. Bróðir minn er stæltur.


Bls. 33. Spjallæfing. Hér má gjarnan fá í gang spjall um fleiri krankleika sem læknir gæti þurft að aðstoða við.

Bls. 34. Spyrjið nemanda í bekknum. Hér er óþarfi að leiðrétta kyn lýsingarorða strax. Ef nemandi getur sagt „gulur peysa“ er það alveg nóg á þessu stigi. Hins vegar má gjarnan kynna til leiks kyn orða og þá má e.t.v. benda á endingarnar (-ur gjarnan karlkyn, t.d. bolur, hattur, sokkur / -a gjarnan kvenkyn, t.d. peysa, úlpa).

Eftir kaflann mætti hugsa sér að spila lagið „Ég er eins og ég er“ og ræða stöðu þeirra sem hafa aðra kynhneigð en fjöldinn.

Ítarefni

Föt og litir. Memory-leikur. Prentið út og klippið. Það má gjarnan plasta spjöldin og geyma þau á milli anna.

	Bláar gallabuxur	
Gulur strigaskór		Græn peysa
	Rauð úlpa	
Grá hettupeysa		Hvítur bolur

Kafli 4. Ég er kominn heim

Í þessum kafla er fjallað um mismunandi tegundir húsa, herbergi, húsbúnað og eldhúshöld.

Bls. 37. Hér hefur komið upp umræða um kærasti (kk/nf) og kærasta (kvk/nf) vs. (kærasta kk/pf) og kærustu (kvk/pf). Allt í lagi að minnast á það ef kennarinn telur nemendahópin undir það búinn.

Spyrjið nemanda úr bekknum. Hér má láta nemendur kynna viðmælanda sinn fyrir hópnum.

Bls. 39. Gott er að minnast á muninn á íbúð og í búð, sem er mjög ruglingslegt fyrir marga. Þar eru andstæðurnar stór og lítil. Fint tækifæri til að rifja upp fyrri andstæður úr bókinni (yngri/eldri, skemmtilegt/leiðinlegt, ljóst/dökkt, hávaxinn/lágvaxinn, grannur/pybbinn o.s.frv.).

Bls. 40. Hérna prófuðum við að tína í sundur sagnir og nafnorð án þess að nota þau hugtök. Við settum upp í dálka á töflu hvaða orð væru hlutir og hvaða orð væru „að gera eitthvað“.

Bls. 41. Hér er Kahoot úr orðaforða eldhúss og baðherbergis: <https://create.kahoot.it/share/kafli-4-eldhus-og-ba/750c75bd-21ef-40c0-9e1c-f52a9c500489>

Bls. 42. Hér er upplagt að láta nemendur kynna viðmælendur sína fyrir bekknum.

Bls. 43. Hér má láta nemendur teikna upp herbergið sitt og skrifa húsbúnaðinn inn á myndina.

Bls. 46. Hér er Kahoot úr orðaforða svefnherbergis og stofu/borðstofu: <https://create.kahoot.it/share/kafli-4-svefnherbergi-stofa/85b5ef20-d2d0-49ae-88c8-39097785a47d>

Bls. 46. Vídeókynning af íbúð heppnaðist gríðarlega vel þegar kaflinn var tilraunakenndur, og var reyndar notuð sem verkefni til námsmats. Hins vegar þarf að ganga úr skugga um að allir nemendur séu tilbúnir að sýna kennara afraksturinn og að sýna alls ekki öllum bekknum nema að fengnu leyfi nemenda.

Hér er mynd sem er hægt að nota til að rifja upp:

<https://i.pinimg.com/originals/67/c2/98/67c298941c838cfbaaf60edd8c31bee6.jpg>

Þá má t.d. spyrja út í í hvaða herbergi ákveðnir hlutir eru.

Kafli 5. Esjan er falleg

Í þessum kafla er rætt um Ísland og kynntur orðaforði um nokkur náttúrufyrirbæri. Það er aðeins dregið á stigbreytingu lýsingarorða sem og nokkrar forsetningar s.s. fyrir framan, á móti, undir. Einnig er minnst á nokkur samgöngutæki.

Hafi hópurninn aðgang að skjávarpa er upplagt að styðjast við Google Maps og sýna staðina sem talað er um í kaflanum á korti og ljósmyndir frá þeim.

Bls. 47. Hér er hægt kynna aðeins stigbreytingu lýsingarorða og nota gjarnan þau sem eru á blaðsíðunni, s.s. erfitt og létt, heitt og kalt.

Bls. 48. Hér er hægt að ræða við nemendur um helstu einkenni árstíðanna og hvað sé skemmtilegt að gera á hverri árstíð. Spyrjið endilega út í fallega fossa eða firði í heimalandi nemenda og varpið myndum af þeim á skjávarpa ef hægt er.

Upplstur úr bls. 47–48:

Á sumrin er oft gaman að skoða fallegan foss. Það er ekki mjög heitt á Íslandi. Selurinn syndir í sjónum.

Bls. 49. Upplagt er að þjálf setningarnar með myndamaraþoni nemenda í hópum/pörum, setja upp lista með aðstæðum sem þau eiga að mynda og sýna kennara eða bekknum. T.d. er hægt að nota padlet til þess. Það gætu verið setningar eins og „taktu mynd af blýanti undir borði“, „stóll á milli nemenda“ eða „nemandi fyrir framan sófa“, allt eftir aðstæðum í eða við skólann.

Bls. 51–52. Spyrjið nemendur endilega um fjöll og vötn í heimalandi þeirra og varpið upp myndum sé þess kostur.

Upplstur úr bls. 49–53:

Ert þú hress? Langar þig í göngu? Eigum við að ganga upp á fjall? Við sjáum fallegt vatn. Veðrið er gott.

Bls. 53. Í næstu tímum á eftir er gott að taka nokkrar mínútur í að spyrja nemendur hvernig veðrið sé.

Hér er svo Kahoot úr kafla 5: <https://create.kahoot.it/share/kafli-5-stair/7cd8c8f9-08a6-4d85-96e4-59d382961613>

Kafli 6. Reykjavík er okkar

Í þessum kafla er fjallað um hverfi í borginni og hvað er í þeim, farið á bókasafn, í ræktina, í sund, á æfingu, á bókasafnið. Við bregðum okkur til Vestmannaeyja og undirbúum ferðina með því að fara í búðina.

Bls. 57. Hér má ræða um skákmenn og skoða hvað þeir heita á máli nemenda. Einnig má biðja nemendur að segja frá vinsælum barnaleikjum í heimalandi þeirra og bera þá saman.

Upplestur úr bls. 57–58:

Bashir býr nálægt skóla. Bashir fer í ræktina. Nonni labbar á bókasafnið í hverfinu.

Bls. 59. Hér er tilvalið að heyra hvort nemendur stunda einhverjar íþróttir og þá hverjar. Þá má útvíkka umræðuefnið í tómstundir/áhugamál almennt og það getur verið námsmatspáttur að prófa munnlega úr slíku. Þá má setja upp lista af spurningum sem nemendur undirbúa svör við og koma svo til kennara og segja frá. T.d. hvað kostar að iðka áhugamálið/íþróttina, hversu oft eru æfingar, þarf einhvern sérstakan útbúnað eða staðsetningu?, hversu lengi hefur nemandinn stundað íþróttina eða sinnt áhugamálinu, hversu langan tíma tekur það o.s.frv.

Bls. 61. Það mætti hugsa sér að tengja þennan kafla við heimsókn á bókasafnið og jafnvel fá bóksafnskort fyrir nemendur. Við höfum fengið frábærar móttökur á Borgarbókasafni og ítarlega kynningu á safninu miðaða að nemendahópnum.

Upplestur úr bls. 59–61:

Helga hittir vini sína. Hún tekur strætó á æfingu. Ég er að leita að bók. Vilt þú erfiða bók eða auðvelda?

Bls. 62. Hér er gott að sýna Vestmannaeyjar á korti. Hér gæti verið áhugavert að ræða orðið frændi og kynna orðið frænka og heyra hvernig þessum orðum er háttað í móðurmáli nemenda.

Bls. 63. Hér má kafa talsvert dýpra í að vísa til vegar og auka við orðaforða. Það hefur gefist vel að hafa munnlegt próf úr að vísa til vegar, teikna leið inn á kort og láta nemendur lýsa henni og nota gjarnan orðaforða eins og á vinstri/hægri hönd, undir, yfir, svo, næst ... Einnig er hægt að nota götukort og merkja inn á það nokkra staði, t.d. með númerum eða bókstöfum. Kennari lýsir svo leið fyrir nemandann sem endar á einhverjum af stöðunum og nemandinn fær stig fyrir að vera sem næst réttum stað. Einnig er hægt að láta nemendur lýsa leið sinni í skólann.

Við höfum prófað að búa til ratleiki um skólann þar sem nemendur eru teymdir áfram, s.s. farðu út úr stofunni, beygðu til vinstri og svo beint áfram. Þegar þú kemur að tröppum áttu að fara upp. Hvað eru margir skápar á vinstri hönd? o.s.frv. Þetta hefur gefist vel. Jafnvel að fela hluti víðs vegar um skólann.

Upplestur úr bls. 62–63:

Ég ætla í ferðalag. Frændi minn er í heimsókn. Viltu kaupa ost, smjör og brauð? Við setjum allt í poka.

Bls. 64. Hér er hægt að setja upp hlutverkaleik milli nemenda og láta þau leika viðskiptavin og starfsmann í búð.

Bls. 65. Hér má biðja nemendur að lista upp hvað þau myndu taka með sér ef þau færu í ferðalag og bera svo saman bækur.

Uppllestur úr bls. 64–65:

Miði í ferju kostar 2000 krónur. Góða ferð! Kannst þú að hjóla? Mér finnst gott að ganga.

Kafli 7. Keyrum yfir Ísland

Í þessum kafla er fjallað um ferðalag. Til að byrja með er aðeins minnst á nokkur dýr og tilvalið að bæta við þá „flóru“. Því næst er aftur minnst á veður og fatnað áður en er haldið er á Akureyri þar sem rætt er um tjaldstæði og því sem fylgir þeim, rifjuð upp orð sem tengjast eldhúsum, farið að veiða, rætt um samgöngur og bílpróf.

Bls. 67. Á þessari blaðsíðu kemur orðið „nenna“ fyrir, sem er áhugavert og ekki auðþýðanlegt á öll tungumál. Tilvalið að ræða það og spyrja nemendur að því hverju þau nenna og nenna ekki. Dauðafæri að spila lag Teits Magnússonar „Nenni“

(<https://open.spotify.com/track/35Oo1VNikUTs1DFz5s4aqO?si=efcc4c77b8ba4b58>).

Bls. 68. „Veðrið verður“ er mikill tungubrjótur fyrir marga útlendinga. Ágætt að benda á þetta og æfa það aðeins. Gott að rifja upp fleiri orð sem tengjast veðri og fatnaði og glugga kannski aftur í blaðsíður 34 og 54.

Þarna kemur fyrir „á morgun“ og „ekki á morgun heldur hinn“. Hér gæti líka verið gott að kenna „í gær“ og „í fyrradag“ og jafnvel rifja upp dagana með því að spyrja: hvaða dagur er á morgun, í gær o.s.frv.

Það er líka minnst á veðurfréttir, sem gæti verið tilefni til að horfa á einn þátt af þeim.

Uppllestur úr bls. 67–68:

Í sundi er heitur pottur. Sindri nennir ekki að synda. Taktu úlpu með í ferðalagið. Veðrið verður kannski ekki gott.

Bls. 69. Hér er tilvalið að ræða um lýsingarorð sem fá öfuga merkingu ef við bætum ó-i fyrir framan. Reynið að fá nemendur til að benda á orð (dýr/ódýr, læs/ólæs, þægilegt/óþægilegt).

Ræðið einnig um forskeytið raf- í tengslum við orðið rafmagn, sbr. rafmagnshlaupahjól, rafdrifinn, rafbíl ...

Þarna kemur fyrir orðasambandið „sem betur fer“. Það gæti verið góð hugmynd að fá nemendur sjálfa til að búa til setningar sem byrja á „Sem betur fer ...“. Það má hugsa sér að tengja það við „því miður“ sem kemur fyrir á bls. 71.

Bls. 70. Spyrjið nemanda í bekknum. Tilvalið að láta nemendur kynna viðmælanda sinn fyrir bekknum.

Bls. 71. Upplagt að ræða bílprófið hér og heyra hver bílprófsaldur er í heimalandi nemenda. Ekki endilega nauðsynlegt að gera það strax en ef hópurinn er móttækilegur má minnst á ópersónulegu sögnina að langa.

Upplestur úr bls. 69–71:

Það kostar 1900 krónur að gista í tvær nætur. Sem betur fer veiðir Sigga fisk. Því miður vissi ég ekki að það væri rigning.

Bls. 72. Hér má biðja nemendur að skrifa orðin við myndirnar og ræða svo um þau sem þau ekki þekkja.

Bls. 73. Gjarnan má spyrja nemendur um hvernig þeir fari í skólann. Jafnvel um hvaða vagna þeir taki.

Hér er mögulega tækifæri til að kynna spilið veiðimaður. Skrifið upp nöfnin á öllum spilunum: ás, tvistur, þristur ... Gjarnan má láta nemendur giska á kyn orðanna út frá endingum. Skrifa við hliðina þolfall orðanna tvist, þrist ... og taka fleiri dæmi um sambærileg orð (tvistur, hestur, drengur/fjarki, penni, kennari/sexu, úlpa, peysa).

Upplestur úr bls. 73–75:

Helga fer með strætó í skólann. Sam ferðast á húsbíl. Gaman að hitta ykkur. Sömuleiðis. Á Íslandi má taka bílpróf 17 ára.

Kafli 8. Vinir mínir eru góðir

Bls. 77. Hér gæti verið tækifæri til að kynna raðtölur og láta nemendur nefna afmælisdaginn sinn. Það gæti þurft að aðstoða þá með fallbeygingar og skrifa upp á töflu raðtölur upp í 31 í nefnifalli og þolfalli.

Spyrjið nemanda úr bekknum. Hugmynd að láta nemanda kynna viðmælanda sinn fyrir bekknum.

Bls. 78. Fínt að minnast aðeins á muninn á vinur og vinkona. Hér eru nokkur tungumál nefnd. Upplagt að kortleggja hvaða tungumál eru töluð í hópnum. Við höfum stundum safnað saman einhverjum frösum á tungumálum allra nemenda og hengt upp í stofunni. T.d. „velkominn“ utan á stofudyrnar og orð eins og „takk“, „ég elska þig“, „góðan daginn“ o.s.frv.



Upplstur úr bls. 77–78:

Gestir koma klukkan 4. Sumir eru með gjöf. Ali er málari en spilar ekki á trommur. Við gerum alltaf eitthvað skemmtilegt saman.

Bls. 80. Hér eru nokkur áhugaverð lýsingarorð. Það mætti biðja nemendur að reyna að finna orð sem lýsa öðrum orðum og rifja aðeins upp stigbreytingu.

Bls. 78 og 82. Starfsheiti og menntun. Hér gæti verið tækifæri til að ræða aðeins hvað nemendum langar að gera í framtíðinni og skoða hvaða menntunar það krefst. Skoða jafnvel brautarlýsingar í mismunandi skólum. Við höfum fengið námsráðgjafa í heimsókn til hópsins sem fræðir um tækifæri á menntasviðinu.

Bls. 82–83. Samfélagsmiðlar. Upplagt að taka spjall um samfélagsmiðla við nemendur, hvaða miðla þau noti, hvort þau sjái einhverja kosti eða galla við þá. Hversu miklum tíma þau verji/eyði á samfélagsmiðlum og svo framvegis.

Upplestur úr bls. 80–82:

Dóra elskar börn og æfir sund. Sigga hefur áhuga á steinum og jöklum. Malala spilar við systur sína. Sam finnst gaman að tala við fólk.

Bls. 84. Upplagt að spyrja nemendur hér hvort þau vinni með skóla, hvort þau hafi unnið áður, hvort þau langi að vinna og þá við hvað? Gjarnan útskýra vinnumenningu íslenskra ungmenna og kosti hennar og galla.

Upplestur úr bls. 80–82:

Nemendur vinna oft um helgar. Sumir aðstoða við að kenna íþróttir. Það vantar alltaf múrara. Ég hef áhuga á tónlist og tækni.

Í lok þessa kafla má hugsa sér munnlegt próf þar sem nemendur velja sér starf og mæta í atvinnuviðtal hjá kennaranum. Þeir þurfa þá að ræða menntun og reynslu, launamál og vinnutíma. Jafnvel láta nemendur skrifa hjá sér upplýsingar eins og til dæmis um laun, vinnutíma eða eitthvert símanúmer og það getur verið hluti af einkunn að hafa það rétt.

Kafli 9. Flottur jakki

Í þessum kafla förum við í búðarráp, kaupum skyrtu og rifjum upp heiti á flíkum. Sumir kaupa franskar, auðvitað með kokteilsósu, og aðrir fá sér kaffi. Endum svo á umfjöllun um frægt fólk og áhrifavalda.

Bls. 87. Það er mjög flókið fyrir marga að segja frá fatnaði. „Ég er í hvítum buxum“ kallar á töluverða málfræðipekkingu, að þekkja kyn, tölu og fallbeygingu. Okkur þykir skipta meira máli svo snemma í máltöku að þekkja flíkurnar og litina en að geta beygt alveg upp á 10 svo að við mælum með að villur í þessu séu ekki leiðréttar nema að nemandinn sé klárlega móttækilegur fyrir því.

Bls. 88. Hér má rifja upp litina með þessum Kahoot-leik: <https://create.kahoot.it/share/litir/51ec7413-817b-4cbd-a647-f28eacc2d4f9>. Hér er svo annar með bæði fötum og litum: <https://create.kahoot.it/share/fot-og-litir/2c9d0fa3-5ca4-4baa-90aa-afa6c8b665e7>

Bls. 89. Upplagt að láta nemendur búa til samtal í búð. Jafnvel að þau geri það saman í bekknum og skrifi upp á töflu.

Upplestur úr bls. 87–89:

Alda ætlar að hjálpa Nonna að velja nýja skyrtu. Mér finnst leiðinlegt að máta. Hvaða stærð viltu? Hvað kosta þessar buxur?

Bls. 90. Hér má gjarnan reyna að kalla fram fleiri andheiti í bekknum.

Bls. 91. Ef hópurinn er sterkur og hefur áhuga á meiri málfræði mætti nýta þennan texta til að útskýra muninn á „er í“ (þgf) og „fer í“ (þf), þ.e. að forsetningin „í“ stýrir þolfalli ef um „kyrrstöðu“ er að ræða en þágufalli ef um „hreyfingu“ er að ræða, sbr. Ég „er í skólanum“ vs. „Ég fer í skólann“. Í fæstum tilvikum er þetta þó tímabært.

Bls. 93. Hér má hugsa sér að láta nemendur, eina, í hóp eða jafnvel bekkinn allan, búa til samtal þar sem Bashir eða Sindri ræða við afgangslumann og panta franskar. Eins þar sem Malala eða Helga panta kaffi/kakó. Það má styðjast við samtölin á bls. 61, 62 og 86 sem fyrirmynd.

Upplestur úr bls. 91–93:

Sam klæðir sig í úlpu. Óliver þurrkar sér eftir sturtu. Sindri er þínu svangur. Hann væri til í franskar.

Bls. 94. Eftir þessar blaðsíður mætti mögulega láta nemendur vera með kynningu á frægri manneskju frá þeirra landi (eða öðru ef nemendur vilja síður ræða sitt land); undirbúa nokkrar setningar og koma fram fyrir bekkinn og kynna. Slíkt gæti vel verið hluti af námsmati.

Ítarefni.

„Ég hef aldrei“. Prentið út listann og hver nemandi fær blað. Allir standa upp og þurfa að ganga um stofuna og finna einhvern sem hefur aldrei gert eitthvað af því sem er á blaðinu. Sá nemandi skrifar nafnið sitt í þann reit. Hver nemandi má bara skrifa nafnið sitt í einn reit á hverju blaði. Markmiðið er að fá sem flest nöfn á blaðið sitt.

Fengið mígreni	Átt bleikan bol	Farið í sund
Farið á bókasafn	Farið í lest	Spilað körfubolta
Spilað á trommur	Borðað sushi	Farið á Akureyri
Sofið í tjaldi	Farið á skíði	Hlaupið á hlaupabretti
Farið til Vestmannaeyja	Veitt fisk	Tekið bílpróf

Kafli 10. Hvar er draumurinn?

Í þessum kafla er talað um framtíðaráform, hvað við myndum gera ef við ynnum í lottó eða ef við gætum farið í draumafri, og skipulagningu á ferðalagi. Einnig er talað um neyðarlínuna og atvinnuviðtal og ferilskrá gerð.

Bls. 97. Hér eru kynnt orðin fyrst, síðan, svo og að lokum. Það má auðveldlega leika sér með að láta nemendur búa til setningar sem eiga að byrja á þessum orðum. T.d. hvernig morguninn þeirra er, hvað þau gera eftir skóla, hvað þau sjá fyrir sér eftir útskrift eða því um líkt.





Bls. 98. Hugtök sem eru mikilvæg. Hér má gjarnan biðja nemendur að bæta við hugtökum og aðstoða þá við að þýða þau yfir á íslensku.

Upplestur úr bls. 97–100:

Hvaða drauma átt þú? Sumir draumar rætast. Ég myndi kaupa íbúð. Frábær hugmynd!

Ítarefni

Útivist. Memory-leikur. Prentið út og klippið. Það má gjarnan plasta spjöldin og geyma þau á milli anna.

	Áttaviti	
Bakpoki		Göngustafur
	Úlpa	
Hitabrúsi		Gönguskór